

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1438**

2018/EES/85/27

frá 4. ágúst 2017

**um breytingu á ákvörðun 2007/131/EB um að heimila samræmda notkun í Bandalaginu á tíðnirófi fyrir
þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurvíðbandstækni***(tilkynnt með númeri C(2017) 5456) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópu-
bandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽¹⁾, einkum
3. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB ⁽²⁾ voru samræmd tæknileg skilyrði fyrir þráðlausan fjarskipta-
búnað sem notar ofurvíðbandstækni („UWB“) í Sambandinu. Það tryggir að fjarskiptatíðnirófið [áður tíðniróf fyrir
þráðlausar sendingar] sé tiltækt í öllu Sambandinu samkvæmt samræmdum skilyrðum, afnemur hindranir fyrir upptöku
ofurvíðbandstækni og skapar skilvirkan innri markað fyrir ofurvíðbandskerfi með töluverðri stærðarhagkvæmni og
ávinningi fyrir neytendur.
- 2) Samkvæmt ákvörðun nr. 676/2002/EB gaf framkvæmdastjórnin út varanlegt umboð fyrir skammdrægan búnað til
Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu („CEPT“) til að uppfæra viðaukann við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar
2006/771/EB ⁽³⁾ til að bregðast við tækni- og markaðsþróun á sviði skammdrægs búnaðar. Innan ramma þessa umboðs
hvatti framkvæmdastjórnin Samtök póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu, í sjötta leiðbeiningarbréfi sínu ⁽⁴⁾ frá
2. júlí 2014, til þess að endurskoða einnig aðrar fyrirliggjandi ákvarðanir um skammdrægan búnað, svo sem ákvörðun
2007/131/EB um skammdrægan búnað sem byggir á ofurvíðbandstækni.
- 3) Að því er varðar skammdrægan búnað sem byggir á ofurvíðbandstækni komust Samtök póst- og fjarskiptastjórna í
Evrópu að þeirri niðurstöðu að uppfæra þurfi tiltekna tilvísanir í samhæfða staðla í ákvörðun 2007/131/EB.
- 4) Því ber að breyta ákvörðun 2007/131/EB.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 11. skilgreiningarliðar 2. gr. ákvörðunar 2007/131/EB komi eftirfarandi:

„11. „rófræn heildaraflþéttni“ (e. *total power spectral density*): meðaltal gilda fyrir rófræna meðalaflþéttni, sem mæld eru
yfir kúlufleti umhverfis mælisviðsmyndina (e. *measurement scenario*) með upplausn sem er a.m.k. 15 gráður. Ítarlegri
upplýsingar um mælingarnar er að finna í ETSI-staðlinum EN 302 065-4,“.

Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 205, 8.8.2017, bls. 89. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 240/2017 frá
15. desember 2017 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn,
biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB frá 21. febrúar 2007 um að heimila samræmda notkun í Bandalaginu á tíðnirófi fyrir
þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurvíðbandstækni (Stjtið. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 33).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB frá 9. nóvember 2006 um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til
notkunar fyrir skammdrægan búnað (Stjtið. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66).

(4) RSCOM 13-78rev2.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mariya GABRIEL

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2007/131/EB er breytt sem hér segir:

1) lið 5.1 er breytt sem hér segir:

a) í stað annars undirliðar fyrsta undirliðar fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„— sendirinn skal fela í sér stýringu á sendiafli með styrksviði sem nemur 10 dB, eins og lýst er í samhæfðum staðli Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu EN 302 065-4 fyrir efnagreiningarbúnað,“

b) í stað annarrar undirgreinar komi eftirfarandi:

„Útgeislun frá efnagreiningarbúnaði, sem leyfður er samkvæmt þessari ákvörðun, skal haldið í lágmarki og í öllu falli ekki fara umfram þéttimörk skilvirkrar, einsátta útgeislunar samkvæmt eftirfarandi töflu. Tryggja verður að farið sé að mörkunum í eftirfarandi töflu fyrir hreyfanlegan búnað (notkun B) með því að beita búnaðinum á dæmigerða uppbyggingu efnisins sem rannsakað er (t.d. dæmigerður veggur, eins og skilgreint er í ETSI-staðlinum EN 302 065-4).“

c) í stað 1. nmgr. við töfluna komi eftirfarandi:

„⁽¹⁾ tæki, sem nota LBT-búnað (e. *Listen Before Talk*), eins og lýst er í samhæfðum staðli Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu EN 302 065-4, mega starfa á tíðnisviðum 2,5-2,69 GHz og 2,9-3,4 GHz með rófrænni hámarksmeðalafþéttni sem nemur – 50 dBm/MHz,“

2) lið 5.2 er breytt sem hér segir:

a) í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Útgeislun frá byggingarefnisgreiningartækjum skal haldið í lágmarki og í öllu falli ekki fara umfram mörk hámarksafli í neðangreindri töflu, þegar byggingarefnisgreiningartæki er notað á dæmigerðan vegg, eins og skilgreint er í staðli Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu EN 302 065-4,“

b) í stað 1. nmgr. við töfluna komi eftirfarandi:

„⁽¹⁾ Tæki, sem nota LBT-búnað, eins og lýst er í samhæfðum staðli Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu EN 302 065-4, mega starfa á tíðnisviðum 1,215 til 1,73 GHz með rófræna hámarksmeðalafþéttni sem nemur 70 dBm/MHz og á tíðnisviðinu 2,5 til 2,69 GHz og 2,7 til 3,4 GHz með rófræna hámarksmeðalafþéttni sem nemur – 50 dBm/MHz.“
